



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

HJÚK3ÖH05

Kennari	Sigríður Rós Jónatansdóttir - sigridur.jonatansdottir@fss.is	
Viðtalstími	Miðvikudagar kl :14:20-15:00	
Námsefni	Hjúkrun aldraðra, Hjúkrun 3. Prep. Ritstj. Jette Nilsen/Else Lykke. Ljósritað efni frá kennara. Heilabilun á mannamáli Hanna Lára Steinsson	
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þá félagsþjónustu sem öldruðum stendur til boða. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og þau réttindi sem öldruðum eru tryggð samkvæmt lögum. Hugmyndafræði og helstu kenningar í öldrunarhjúkrun eru skoðaðar. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Fjallað er um helstu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða og viðeigandi hjúkrun. Kynntar eru aðferðir til þess að meta áhrif sjúkdóma og heilsubreysts á virkni og vellíðan aldraðra. Fjallað er um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls á efri árum með áherslu á forvarnir og heilsueflingu til auka lífsgæði og vellíðan aldraðra. Sorg og sorgarviðbrögð eru tekin til umfjöllunar. Lögð er áhersla á sérstakar hjúkrunarþarfir einstaklinga við lífslok og líknarmeðferð. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, yfirsýn og heildræna nálgun við hjúkrun aldraðra hvort sem er á stofnunum eða á heimilum ásamt faglegum vinnubrögðum og viðurkenndri skráningu hjúkrunar	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Einnig þarf nemandi að standa skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Vinnubók	15%
	2 Kaflapróf	50%
	3 innupróf	15%
	Einstaklingsverkefni	10%
Hópaverkefni	10%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið að breytingar geta orðið á þessari áætlun með litlum eða engum fyrirvara.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þeim líkamlegu, andlegu og félagslegu breytingum sem fylgja hækkandi aldri • áhrifum algengra öldrunarsjúkdóma á virkni og lífsgæði aldraðra • aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra • forvarnargildi og mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum • þeirri þjónustu og stuðningi sem öldruðum stendur til boða í samfélaginu • kenningum sem fjalla um aðlögun að heilsubresti, sorg og missi • lífsloka- og líknarmeðferð • þverfaglegri teymisvinnu í málefnum aldraðra • viðurkenndri hjúkrunarskráningu	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • gera greinarmun á eðlilegum öldrunarbreytingum og sjúkdómsástandi hjá öldruðum • greina áhrif öldrunarbreytinga á virkni og lífsgæði aldraðra • fræða aldraða um heilbrigðan lífsstíl og þá þjónustu sem þeim stendur til boða í samfélaginu • hagnýta sér kenningar um aðlögun að sorg og missi í hjúkrunarstörfum • nota viðurkennda hjúkrunarskráningu
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu um málefni aldraðra • nota viðurkenndar aðferðir og kvarða til þess að meta sjálfbjargargetu aldraðra • hjúkra öldruðum á heildrænan hátt með tilliti til félagslegs, andlegs og líkamlegs ástands • hjúkra öldruðum á líknandi meðferð og við lífslok • miðla á faglegan hátt upplýsingum um hjúkrun aldraðra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Töflugerð.....	
2. vika 25. – 29. ágúst	1. kafli. Öldrun – öldrunarferlið 2. kafli. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi	
3. vika 1. – 5. september	3. kafli. Matstæki í öldrunarhjúkrun	
4. vika 8. – 12. september	4. kafli. Hjúkrun aldraðra með sykursýki	
5. vika 15. - 19. september	5. kafli. Hjúkrun aldraðra með vandamál tengd sjón og heyrn 6. hjúkrun aldraðra í byltuhættu	Innupróf 1
6. vika 22. - 26. september	7. skjólstæðingar með óráð eða heilabilun 8. áföll og sorg	hópaverkefni
7. vika 29. sept. - 3. október	9. líknarhjúkrun og líknarmeðferð 10. endurhæfing við athafnir daglegs lífs 11. virkni	Kaflapróf 1
8. vika 6. - 10. október	12. virkni og lífsgæði 13. dagleg viðfangsefni og áætlanagerð 14. hreyfing alla ævi	Innupróf 2
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	15. næringarþarfir aldraðra 16. tengsl og samskipti	
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	vinnustaðanám	
11. vika 27- 31. október	vinnustaðanám	
12. vika 3. - 7. nóvember	vinnustaðanám	
13. vika 10. - 14. nóvember	17. félags og tómstundastarf í nærumhverfi 18. verkleg og persónuleg aðstoð	
14. vika 17. - 21. nóvember	19. fagaðili og fulltrúi yfirvalda 20. lögræði og sjálfsákvörðunarréttur	Einstaklingsverkefni Innupróf 3
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	21. nauðung og valdbeiting 22. velferðartækni	Kaflapróf 2
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Yfirferð og stoð	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigríður Rós Jónatansdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja